

Alþingi
Erindi nr. P 138/650
komudagur 138/62009

Alþingi
sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík



F I S K I S T O F A

Hafnarfjörður, 14.12.2009
Tilv. 60.12

Efni: Umsögn Fiskistofu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða (Pskj. 193 - 174. mál)

Ísáð er til bréfs yðar, dags. 23. nóvember sl., þar sem Fiskistofa fékk til umsagnar ofangreint lagafrumvarp.

Samkvæmt lögum hefur Fiskistofa það hlutverk að framkvæma lög og reglur á sviði fiskveiðistjórnunar og hafa eftirlit með þeim. Með vísan til þess lýtur umsögn þessi fyrst og fremst að þeim atriðum. Hér á eftir fara þær athugasemdir sem Fiskistofa vill gera varðandi einstakar greinar frumvarpsins:

2. gr. c.

Gert er ráð fyrir að ákvæðið taki gildi 1. mars 2010, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Sú dagsetning er upphaf 3. "línuvinnunartímabils", sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 674/2009, um línuvinnun. Verði ákvæði þetta samþykkt skömmu fyrir þá dagsetningu kann að þurfa að fresta gildistöku eða framkvæmdatíma þess til 1. júní 2010 (upphaf 4. línuveiðitímabils) til að nægilegur tími gefist til að laga uppiþingakerfi Fiskistofu að breytingunni.

3. gr. 1. mgr.

Verði kröfur hvað varðar svonefnda "veiðiskyldu" hertar eins og gert ráð fyrir í frumvarpinu, sbr. 1. mgr. 3. gr. a., má gera ráð fyrir að fleiri tilvik komi upp þar sem útgerðir óska eftir að fá undaþágu samkvæmt c-lið greinarinnar. Skilyrði þess undanþáguákvæðis eru mjög matskennd og væri því æskilegt að þau yrðu útfærð eins skýrt og kostur er í lögum eða a.m.k. reglugerð.

Ákvæði til bráðabirgða I.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir að bráðabirgðaákvæðið taki gildi 15. febrúar 2010, sbr. 4. gr. frumvarpsins. Verði ákvæði þetta samþykkt skömmu fyrir þá dagsetningu kann að þurfa að fresta gildistöku eða framkvæmdatíma ákvæðisins þannig að a.m.k. 1 mánuður gefist til að undirbúa framkvæmd ákvæðisins frá því að það hefur verið samþykkt.

Virðingarfyllst,

Ární Múli Jónasson
fiskistofustjóri